

## SOFFÍA OLSON.

EFTIRM.ELI.

Þitt dæmi er hugans við hæfi,  
sem hæðirnar langar á.  
Og bók þinnar umliðnu æfi  
er öllum frjálst að sjá;  
í henni' eru verk þinna handa,  
þín holla og mörgu ráð;  
og innblásið manníðar anda  
er alt sem að þar er skráð.

Eg veit ei hvort látin þú lifir.  
en ljóst er mér að eins hitt,  
að gull-letrað gröf þinni yfir  
mun geymast nafnið þitt,  
á meðan í myrkrum þú sefur  
og mold eru hulin þín bein,—  
af sjálfsdáðum höggið þú hefur  
þitt heiti í tímans Stein.

*Guttormur f. Guttormsson.*

## HEIMIR

12 blöð á ári, 24 bls. i hvert sinn, auk kápu og anglysinga.

Kostar **einn dollar** um árið. Borgist fyrirfram.

ÚTGEFENDUR: NOKKRIR ÍSLENDINGAR Í VESTURHEIMI.

Afgreiðslustofa blaðsins: 582 Sargent Avenue.

RITSTJÓRI: Rögnvaldur Pétursson, 533 Agnes Street.

PRENTARI: Gísli Jónsson, 582 Sargent Ave.